

Fimmtudaginn 5. september 1996.

Nr. 333/1996.

Ákærvaldið

(Jón Erlendsson saksóknari)

gegn

Christopher Bundeh

(Jóhannes R. Jóhannsson hdl.)

Kærumál. Framsal sakamanns.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. ágúst 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. september sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. ágúst 1996, að fullnægt sé lagaskilyrðum til framsals varnaraðila til Finnlands. Kæruheimild er í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Varnaraðili krefst þess, að viðurkennt verði, að ekki sé fullnægt lagaskilyrðum, til að hann verði framseldur. Þá er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að lagaskilyrðum teljist vera fullnægt, til að varnaraðili verði framseldur til Finnlands. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Með vísan til 2. mgr. 13. gr. laga nr. 7/1962 verða verjanda varnaraðila ákveðin málsvarnarlaun úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda varnaraðila, Tómasar Jónssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, greiddast úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. ágúst 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 20. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem hald er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í framsalsmálinu nr. Ö-4/1996: Lögreglu-yfirvöld í Finnlandi gegn Christopher Bunde, sem tekið var til úrskurðar 8. ágúst sl.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dagsettu 18. apríl sl., óskuðu finnsk lögreglu-yfirvöld eftir því við dómsmálaráðuneytið, að Christopher Bunde, kennitala 090959-3959, fæddur í Sierra Leone, með dvalarstað að Mána-götu 4 (áður Túngötu 12), Ísafirði, verði framseldur til Finnlands til afplán-unar á eins árs og tíu mánaða óskilorðsbundinni fangelsisrefsingu fyrir nauðgun samkvæmt dómi finnsks áfrýjunardómstóls, Helsingfors Hovrátt, upp kveðnum 27. apríl 1993. Samkvæmt dómi Héraðsdóms Vantaa, upp kveðnum 4. mars 1992, var Bunde dæmdur í eins árs og sex mánaða fang-elsi, skilorðsbundið til 31. desember 1992, fyrir nauðgun, framma í Vantaa í Finnlandi 18. nóvember 1991. Með bréfi, dagsettu 3. maí sl., var ofangreind beiðni framsend ríkissaksóknara, og 31. maí sl. var Bunde kynnt fram-salsbeiðnin á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða. Var honum skipaður verj-andi, og krafðist hann úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur um, hvort um skilyrði laga fyrir framsali væri að ræða, sbr. 1. mgr. 11. gr. og 13. gr. laga nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Sví-þjóðar.

Ríkissaksóknari sendi dóminum gögn málsins 3. júlí sl., og bárust þau dóminum sama dag, og var málið þegar þingfest. Í bréfi ríkissaksóknara segir, að ekki hafi verið unnt að leggja málið til úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur fyrr en þá, þar sem ólokið hafi verið meðferð þriggja kær-u mála á hendur Bunde, en ákvörðun hafi verið tekin um það af hálfu ákærvalds, að ekki verði krafist frekari aðgerða vegna þeirra. Var málinu þá frestað til gagnaöflunar að ósk verjanda Bunde til 11. júlí sl. Þann dag var málið tekið fyrir og enn frestað að ósk verjanda gegn mótmælum ríkis-saksóknara til 8. ágúst sl. Þann dag var gagnaöflun lýst lokið, en verjandi hafði lagt áherslu á að sýna fram á, að dómur sá, sem er grundvöllur fram-salskröfunnar, fullnægi eigi grunnreglum íslenskra laga um lögfulla sönnun sakar í refsímálum, og vísar verjandinn í því sambandi til 5. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1984. Þá lagði verjandi áherslu á að sýna fram á, að skjólstaðingi hans hefði verið vísað frá Finnlandi í ársbyrjun 1993.

Christopher Bunde skýrði svo frá fyrir dómi 8. ágúst sl., að hann hefði dvalist í Finnlandi rúmlega þrjú ár og komið til Íslands 9. janúar 1993, eftir að lögregla í Finnlandi neyddi hann til að hverfa úr landi. Kvaðst Bunde síðan hafa dvalist á Ísafirði og starfað þar.

Niðurstaða.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 13/1984 gilda ákvæði I. kafla laganna, þar á meðal 5. mgr. 3. gr., ekki gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Kemur því eigi til skoðunar hér, hvort dómur Helsingfors Hovrátt fullnægir grunnreglum íslenskra laga um lögfulla sönnun sakar í refsimálum.

Christopher Bundehe hefur með dómi Helsingfors Hovrátt í Finnlandi verið dæmdur til eins árs og tíu mánaða óskilorðsbundinnar refsivistar fyrir kynferðisbrot. Upplýst hefur verið af hálfu ríkissaksóknara, að hann er ekki undir saksókn hér á landi. Með vísan til 1. gr., 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. laga nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og þar sem ekki verður séð, að neinir annmarkar séu á umræddri framsalsbeiðni, þykir skilyrðum ofangreindra laga um framsal Christophers Bundehe til Finnlands vera fullnægt.

Með vísan til 2. mgr. 13. gr. sömu laga ber að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Tómasar Jónssonar hdl., 150.000 kr., úr ríkissjóði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fullnægt er lagaskilyrðum til framsals Christophers Bundehe, kt. 090959-3959, Mánagötu 4, Ísafirði, til Finnlands.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Tómasar Jónssonar hdl., 150.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.
